



Fundargerð 87. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn mánudaginn 30. júní 2025, kl. 09:00 á TEAMS.

Mætt eru: Valgerður B. Pálsdóttir (formaður), Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson og Árni Sigfússon.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð)

Gestir: Kristján Ragnarsson og Anna Margrét Vilhjálmisdóttir frá Deloitte

Forföll: Guðrún P. Ólafsdóttir, Þuríður H. Aradóttir Braun, Jóhann Snorri Sigurbergsson, Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur Reykjanes Jarðvangs 2024

Drög að ársreikningi lögð fyrir stjórn. Verkefnastjóra og endurskoðanda falið að gera breytingar á framsetningu á rekstrarreikningi þannig að hann varpi skýrari mynd á stöðu félagsins.

2. Stofnun Íslandsdeildar Global Geoparks Network (GGN) - Til kynningar

Fyrir liggur erindi frá GGN um að öll lönd innan netverksins þurfi að stofna landsdeildir sem endurspegli starfsemi deildanna. Fulltrúar og starfsmenn Kötlu jarðvangs og Reykjanes jarðvangs hafa undanfarna mánuði unnið að því að aðlagja regluverk og upplýsingar fyrir Íslenskar aðstæður. Í ljósi stofnun nýrrar Íslandsdeildar og verkefnum sem deildin þarf að inna að hendi m.a. að halda fundi/málþing, afmælisári hjá jarðvöngunum ofl. var samþykkt að leita hófanna hjá nýrri Náttúruverndarstofnun. Höfuðstöðvar þeirra eru á Hvolsvelli og því kjörið að skoða samstarf um málþing í haust, m.a. í tilefni 10 ára afmælis staðarskrár UNESCO um hnattræna jarðvanga og 15 ára afmælis Kötlu jarðvangs.

Stjórn staðfesti stofnun Íslandsdeildar GGN.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:40